

ABC barnahjálp á Íslandi  
Ársreikningur  
2014

ABC barnahjálp á Íslandi  
Víkurbíll 2  
203 Kópavogur  
Kt. 690688-1589

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Sundurliðanir .....	10

# Skýrsla og áritun stjórnar

---

Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með svipuðu sniði árið 2014 og undanfarin ár. Gengi krónunnar hélst áfram óhagstætt fyrir ABC. Skráðir stuðningsaðilar í lok árs voru 5383, fækkaði um 417 á árinu. Börn sem fengu stuðning frá ABC voru 8.755 talsins í árslok eða 663 færri en í lok árs 2013. Þar af bjuggu um 2.363 börn á heimavistum rekrum af ABC barnahjálpi.

Í Pakistan stunduðu 2.997 börn nám á árinu í 12 skólum. Þar af bjuggu 547 börn á heimavistinni í Machike. Byggingarframkvæmdir héldu áfram við heimavist stúlkna. Yfirvöld í Pakistan styrktu byggingu tveggja skólastofa í Peshawar og unnið var við frágang á skólabyggingunni í Machike, einnig með innlendum stuðningi. Unnið var við málun og viðhald nokkurra af skólabyggingunum og keyptar kennaratöflur, borð og stólar í ABC skólann í Faisalabad. Hænsna- og geitaverkefni hófst í Machike til að vinna að sjálfbærni heimavistarskólans. Í kjölfar hryðjuverkaárásar á skóla í Pakistan hertu yfirvöld öryggiskröfur við alla skóla í landinu sem er fjárhagsleg áskorun fyrir starfið og tókst ekki að uppfylla öll öryggisatriðin á árinu.

Á Heimili litlu ljósanna á Indlandi dvöldu 1.620 börn og ungmenni við bóklegt og verklegt nám. Nýir beddar voru keyptir fyrir börnin á árinu og tölvustofa var sett upp fyrir unglingskóla stúlkanna. Samkvæmt nýjum reglum yfirvalda þurfa skólar að vera í steypum byggingum og var hafist handa við að byggja varanlega skólabyggingu. Nýja byggingin mun auka öryggi barnanna t.d. þegar fellibyljir ganga yfir. ABC á Íslandi kostaði 60% af heildarkostnaði við rekstur og uppbyggingu heimilisins á árinu.

Comforter starfið í Chennai á Indlandi hefur átt í fjárhagserfiðleikum og hefur ekki tekist að afla fjár til að byggja nauðsynlegan öryggismúr umhverfis heimilið og skólalóðina. Undir lok árs 2012 gerðu yfirvöld kröfu um að heimavistinni yrði lokað þar til úrbætur hefðu verið gerðar og að börnin væru send heim til forráðamanna á meðan. Dagskólinn er starfræktur áfram fyrir 155 börn úr nærliggjandi þorpum og heimsendu börnin sem eiga stuðningsaðila fá styrk frá ABC til að ganga í aðra skóla.

Í Úganda fengu 1407 börn stuðning til náms frá Íslandi í ABC skólunum í Kasangati, Kitetika og Rackoko auk barna í Guluhéraði en samtals stunda um 3785 börn nám í ABC skólunum í Úganda. Áfram var rekin útvarpsstöð sem gegnir mikilvægu hlutverki í uppræðslu foreldra og verndun barna. Innleidd var stefnan Engin spilling og sett voru upp skilti á skólabyggingum og skrifstofum til að lýsa yfir spillingarlausu svæði. Uppfylltar voru skráningarreglur stjórnvalda fyrir skólann í Kasangati. Nýjar rotþrær og salerni voru byggð fyrir barna- og unglingskólana í Kitetika og batnaði hreinlætisaðstaðan til muna við þær framkvæmdir. Skólarnir hafa þó verið í fjársveltum undanfarin ár og mikil þörf á viðhaldi á skólabyggingum á næstunni.

Í Kenýa var lokið við fyrsta áfanga stórrar byggingar í Kariobangi fátækrahverfinu í Nairóbí. Byggingin hýsir barna- og unglingskóla á fyrstu hæðinni. Einnig var lokið fyrsta áfanga við byggingu minni byggingar þar sem eru forskóli, eldhús og geymslur. Báðar byggingarnar voru styrktar af utanríkisráðuneytinu ásamt söfnunarfé íslenskra grunnskólabarna. Þrátt fyrir nýju bygginguna er hluti af grunnskólanum og heimavistin enn í bráðabirgðahúsnæði á skólalóðinni. Komið var upp unglingsdeild við ABC skólann í Loitokitok. Samtals stunduðu 720 börn nám í ABC skólunum í Kenýa á árinu auk þess sem börn voru studd til náms í öðrum skólum.

Í Senegal var áfram rekinn skóli í leiguhúsnæði í Dakar fyrir 201 barn á aldrinum 3ja-11 ára.

Í Burkina Faso var nýr árgangur með 55 börnum tekinn inn í skólann um haustið og stunda þar nú um 393 börn nám. Í ágúst var hafist handa við að byggja skólahúsnæði fyrir unglingsdeild við ABC skólann. Nýja byggingin mun hýsa þrjár kennslustofur og skrifstofur á fyrstu hæðinni en til stendur að fullbúin verði byggingin þrjár hæðir. Lokið var við grunn og fyrstu hæð á árinu og fyrsti bekkur unglingsdeildar tók til starfa. Einnig var tónlistarskóli settur á laggirnar ásamt smíðadeild og grunnur lagður að litlu bókasafni.

Á Filippseyjum hélt samstarfið við Norrænu barnahjálpinu áfram með svipuðu sniði og voru styrktarbörnin samtals 540. ABC barnahjálpi á Filippseyjum hélt áfram að byggjast upp með stuðningi frá ABC í Bandaríkjunum. Í lok árs stunduðu samtals 796 börn nám í 5 ABC skólum á Filippseyjum.

Innanlands var Maritafraeðslan áfram studd til að vera með jákvæða forvarnafræðslu í grunnskólum fyrir 5. bekkina og foreldra þeirra undir kjörorðinu: Vertu þú sjálfur.

## Skýrsla og áritun stjórnar frh.:

---

Áfram var rekinn Nytjamarkaðurinn í Súðarvogi 3 en rekstri Hakuna Matata á Laugavegi 103 og lista- og minningamiðstöðvarinnar Líf fyrir líf einnig á Laugavegi 103 sem reknar voru af Vínafélagi ABC barnahjálpar var hætt um haustið.

ABC skólinn útskrifaði tvo nemendahópa á árinu í þróunar- og hjálparstarfi, samtals 27 nemendur.

Á árinu 2014 voru starfsmenn ABC á Íslandi ellefu til fjórtán talsins í að meðaltali 10,9 stöðugildum. Þar af var helmingur starfsmanna á skrifstofunni en hinir í Nytjamarkaðinum, Hakuna Matata, Líf fyrir líf og ABC skólanum. Vinnumála- og Tryggingastofnun greiddu mótframlag vegna launa tveggja starfsmanna. Starfsmenn voru allir á launaskrá hjá Vínafélagi ABC barnahjálpar og koma því ekki fram í ársreikningi ABC barnahjálpar. Allur annar rekstrarkostnaður ABC barnahjálpar fór einnig í gegnum Vínafélag ABC að undanskildum þjónustugjöldum banka og kortafyrirtækja sem eru tekin sjálfvirk af framlögum.

Fimm starfsmenn voru erlendis við hjálparstörf, flestir í Afríku.

Fjöldinn allur af sjálfboðaliðum kom að starfi ABC barnahjálpar á árinu og sinntu þeir ýmsum störfum. Margir þeirra unnu við ýmis störf á Nytjamarkaðinum, Hakuna Matata og Líf fyrir líf auk þess sem unnið var við pökkun og sölu korta og súkkulaðis, söfnunarbauka og safnanir, endurskoðun, auglýsingagerð, hjálparstarf erlendis o.fl.

Óbeinar gjafir til starfsins á árinu voru t.d. pappír, prentun, kaffi, brauð, afnot af bíl, bensín, viðgerðir, varahlutir, dekk, tryggingar og málverk sem listamenn gáfu til að styrkja starfið.

Fjármunir sem sendir voru til hjálparstarfa erlendis frá ABC á Íslandi námu 65,7 millj. kr. lægri fjárhæð en á árinu áður.

Úthlutun samkvæmt skipulagsskrá til hjálparstarfa erlendis frá ABC á Íslandi nam 252,8 milljónum króna.

### Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2014 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar á Íslandi og breytingu á handbæru fé á árinu 2014.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2014 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. 6. 2015.

Í stjórn hjálparstarfsins:

*Gudrún Margrét Pálsdóttir* *Rétur Hrafnsson*  
*Víkingur*  
*Nils Erlason*  
*Bjarki Þór*  
*Ólafur Ólafsson*

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og sundurliðanir.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 23 / 6 2015.

**KPMG ehf.**



## Rekstrarreikningur ársins 2014

---

	2014	2013
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Gjafir og áheiti .....	247.588.220	260.460.959
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir .....	17.366.138	17.602.248
Framlag frá Vínafélagi ABC barnahjálpar .....	0	5.489.745
Framlag frá ABC International .....	135.341	0
Opinberir styrkir .....	15.000.000	17.671.580
	<u>280.089.699</u>	<u>301.224.532</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá .....	252.777.419	318.501.403
Framlag til Vínafélags ABC .....	2.686.296	0
Annar rekstrarkostnaður .....	7.840.868	4.445.489
	<u>263.304.583</u>	<u>322.946.892</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....	16.785.116	( 21.722.360)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>		
Vaxtatekjur og gengismunur .....	200.061	314.853
Fjármagnstekjuskattur .....	( 40.007)	( 62.964)
	<u>160.054</u>	<u>251.889</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>	<u>16.945.170</u>	<u>( 21.470.471)</u>

# Efnahagsreikningur

---

## Eignir

	<b>2014</b>	<b>2013</b>
<b>Fastafjármunir:</b>		
ABC barnahjálpar International, stofnframlag .....	0	230.000
Fastafjármunir samtals	<u>0</u>	<u>230.000</u>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Viðskiptakröfur .....	344.573	50.000
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	688.113	0
Óbundnar bankainnstæður .....	23.916.246	5.775.382
Veltufjármunir samtals	<u>24.948.932</u>	<u>5.825.382</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u><u>24.948.932</u></u>	<u><u>6.055.382</u></u>

## 31. desember 2014

---

### Eigið fé

	2014	2013
<b>Eigið fé:</b>		
Óráðstafað eigið fé .....	23.000.552	6.055.382
Eigið fé samtals	<u>23.000.552</u>	<u>6.055.382</u>
 <b>Skammtímaskuldir:</b>		
Viðskiptaskuldir .....	1.948.380	0
Skuldir samtals	<u>1.948.380</u>	<u>0</u>
 <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	 <u><u>24.948.932</u></u>	 <u><u>6.055.382</u></u>



## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2014

	<b>2014</b>	<b>2013</b>
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>		
Hagnaður (tap) ársins .....	16.945.170	( 21.470.471)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
ABC barnahjálpar International stofnframlag afskrifað .....	230.000	0
Veltufé frá (til) rekstrar	17.175.170	( 21.470.471)
 Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtíma kröfur, (hækkun) lækkun .....	( 982.686)	88.952
Skammtíma skuldir, hækkun .....	1.948.380	0
	965.694	88.952
Handbært fé frá (til) rekstrar	18.140.864	( 21.381.519)
 <b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>	 18.140.864	 ( 21.381.519)
 <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	 5.775.382	 27.156.901
 <b>Handbært fé í árslok .....</b>	 23.916.246	 5.775.382

## Sundurliðanir

	2014	2013
<b>Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá</b>		
Sent til Comforter Ministries á Indlandi .....	4.999.814	9.327.059
Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum .....	8.600.325	10.551.205
Sent til ABC barnahjálpar í Úganda .....	50.272.996	48.936.915
Sent til Reach / Heimilis litlu ljósanna á Indlandi .....	45.435.598	60.101.447
Sent til Mission of Mercy .....	0	518.971
Sent til ABC barnahjálpar í Senegal .....	3.235.751	3.373.751
Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan .....	58.619.415	73.198.579
Sent til ABC barnahjálpar í Kenýa .....	43.012.512	65.227.240
Sent til ABC barnahjálpar í Líberíu .....	0	766.544
Sent til ABC barnahjálpar í Burkina Faso .....	11.878.819	10.612.789
Sent til Norrænu barnahjálparinnar v/ barnahjálpar á Filippseyjum .....	13.896.147	13.528.741
Sent til ABC barnahjálpar í USA v/ barnahjálpar á Filippseyjum og Pakistan .....	5.098.995	3.826.389
Sent til ABC barnahjálpar í Færeyjum v/ barnahjálpar í Líberíu og Senegal .....	0	6.364.106
Framlag vegna launa og annars kostnaðar vegna hjálparstarfs erlendis .....	6.702.047	11.167.667
Framlag til Marita forvarnarfræðslunnar vegna hjálparstarfs innanlands .....	1.025.000	1.000.000
	252.777.419	318.501.403
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld .....	4.627.716	4.443.839
Kostnaður vegna sameiningar .....	1.279.485	0
Kostnaður við safnanir .....	656.755	0
Tryggingar .....	136.252	0
Tölvukostnaður .....	910.660	0
ABC barnahjálpar International stofnframlag afskrifað .....	230.000	0
Ýmis gjöld .....	0	1.650
	7.840.868	4.445.489
<b>Óráðstafað eigið fé:</b>		
Eigið fé 1.1.2014 .....	6.055.382	27.525.853
Hagnaður (tap) ársins .....	16.945.170	( 21.470.471)
Eigið fé 31.12.2014 .....	23.000.552	6.055.382